

Stofnun stjórnsýslufræða og stjórnmála  
Stjórnmálafræðideild  
Háskóla Íslands

Yfirlit yfir helstu verkefni  
starfsárið 2024

Janúar 2025

## Efnisyfirlit

Frá formanni stjórnar og forstöðumanni Stofnunar stjórnsýslufræða og stjórn mála .....	3
1. Inngangur.....	4
2. Stjórnun, samstarf, rannsóknir og þróunarverkefni .....	4
2.1 Stjórn og starfsfólk .....	4
2.2 Samstarfsaðilar.....	4
2.3 Rannsóknir og þróunar- og samstarfsverkefni.....	6
3. Útgáfa og vefir .....	8
3.1 Vef tímaritið Stjórn mála & stjórnsýsla .....	8
3.2 Vefir stofnunarinnar .....	11
3.3 Vinnupappírar.....	11
4. Fræðsla og upplýsingamiðlun um stjórnsýslu, stjórn mála og málefni líðandi stundar .....	11
4.1 Stjórnsýslufræðsla og önnur námskeið.....	11
4.2 Ráðstefnur, málþing og opnir fyrirlestrar.....	12
5. Fjármál stofnunarinnar .....	12
Viðauki 1. Viðburðir og námskeið á vegum Stofnunar stjórnsýslufræða og stjórn mála árið 2024 .....	13
Viðauki 2. Titlar og höfundar ritrýndra greina í tímaritinu <i>Stjórn mála &amp; stjórnsýsla</i> árið 2024.....	15

## Frá formanni stjórnar og forstöðumanni Stofnunar stjórnsýslufræða og stjórn mála

Árið 2024 var tuttugasta og annað starfsár Stofnunar stjórnsýslufræða og stjórn mála. Að vanda voru helstu viðfangsefni á sviði útgáfu, opinna funda og ráðstefna, hagnýtra námskeiða, þjónustuverkefna fyrir samstarfsaðila hjá hinu opinbera og aðstoð við og umsýsla vegna rannsókna.

Stofnunin hélt að vanda opna fundi og málþing ýmist ein og sér eða í samstarfi við aðila á borð við Félag forstöðumanna ríkisstofnana, Félag stjórn málafræðinga og önnur félög og stofnanir. Stofnunin leit að þannig sem fyrir við að vera öflugur umræðuvettvangur um málefni stjórn mála og stjórnsýslu. Alls mættu um sex hundruð manns á fundi stofnunarinnar og samstarfsaðila á árinu og heimasíða stofnunarinnar fékk um sjö þúsund heimsóknir. Þá kom stofnunin sem fyrir að rannsóknum og útgáfu á sviði opinberrar stjórnsýslu.

Hagnýt námskeið fyrir starfsfólk í opinberri þjónustu o.fl. nutu áfram mikilla vinsælda en sautján námskeið voru haldin á árinu með alls um sjö hundruð þátttakendum. Stofnunin hefur aukið nokkuð við fjölbreytileika í framboði þar enda eftirspurnin víða mikil. Auk hefðbundinna námskeiða um stjórnsýslurétt, persónuvernd, upplýsingalög o.fl. hefur stofnunin þannig á undanförunum árum m.a. bætt við námskeiðum um opinbera stefnumótun, innra eftirlit hjá hinu opinbera, fjármál sveitarfélaga, stjórnsýslu loftslagsmála o.fl.

Tuttugasti árgangur tímaritsins *Stjórn mála & stjórnsýsla* kom út á árinu en nú eru liðin rúm nítján ár síðan fyrsta tölublaðið leit dagsins ljós. Alls hafa 320 ritrýndar greinar birst í tímaritinu eftir 285 höfunda og hátt í 300 manns hafa ritrýnt efni fyrir tímaritið. Útgáfan skipaði að vanda mikilvægan sess í starfsemi stofnunarinnar, sem og umsjón stofnunarinnar með útgáfu *Tímarits um viðskipti og efnahagsmál* (TVE). Stöðugleiki í útgáfu slíkra tímarita er mikilvæg forsenda rannsókna og útgáfu á viðkomandi fræðasviðum.

Útgáfa fjölda íslenskra fræðitímarita, þeirra tveggja framangreindu þar með talið, mætti þó verulegum tæknilegum áskorunum á árinu 2023 þegar Upplýsingatæknisvið Háskóla Íslands (UTS) hætti að sjá um hýsingu og kerfisþjónustu fyrir þau. Erlendur aðili sem hýsingin var færð til fyrir milligöngu UTS stóð ekki undir væntingum hvað kerfisþjónustu varðar en þegar þetta er ritað er verið að ganga frá samkomulagi við Landsbókasafn Íslands – Háskólabókasafn um að taka yfir hýsingu og þjónustu við útgáfu slíkra tímarita. Útgáfa slíkra fræðiritra er háð aðgangi að (mjög takmarkaðri en þó) nauðsynlegri þjónustu á sviðum upplýsingafræði og kerfisstjórnunar. Stofnunin hefur góðar væntingar um að þegar tímaritið *Stjórn mála & stjórnsýsla* fagnar tuttugu ára afmæli sínu, með útgáfu 21. árgangs tímaritsins, verði þessi þjónusta komin á traustan stað fyrir þau tímarit sem stofnuninni tengjast sem og önnur ritrýnd tímarit sem tengjast Háskóla Íslands. Stofnunin þakkar góðan stuðning Félagsvísindasviðs HÍ og gott samstarf við Hugvísindasvið og Menntavísindasvið um þetta verkefni, sem og Landsbókasafni Íslands – Háskólabókasafni fyrir að hafa starfað með framangreindum aðilum að samkomulagi um yfirtöku þessarar þjónustu.

*Gunnar Helgi Kristinsson stjórnarformaður og Gústaf Adolf Skúlason forstöðumaður Stofnunar stjórnsýslufræða og stjórn mála.*

## 1. Inngangur

Stofnunin starfar í samræmi við reglur um Stofnun stjórnsýslufræða og stjórn mála og stefnumótun stjórnar á hverjum tíma. Í gildandi reglum stofnunarinnar segir m.a. eftirfarandi um hlutverk hennar:

„Stofnun stjórnsýslufræða og stjórn mála er rannsókn-, fræðslu- og þjónustustofnun sem starfrækt er af Háskóla Íslands. Stofnunin er vettvangur samstarfs Háskóla Íslands við opinbera aðila um eflingu náms og rannsókna um stjórnun opinberra stofnana, bæði ríkis og sveitarfélaga, og vettvangur umræðu um stjórn mála og stjórnsýslu. Stofnunin heyrir undir Stjórn málafræðideild á Félagsvísindasviði. Hún starfar sem sjálfstæður aðili í tengslum við Félagsvísindastofnun HÍ.“

Í þessari ársskýrslu er gerð grein fyrir starfsemi stofnunarinnar á 22. starfsári hennar árið 2024.

## 2. Stjórnun, samstarf, rannsóknir og þróunarverkefni

### 2.1 Stjórn og starfsfólk

Stjórn Stofnunar stjórnsýslufræða og stjórn mála er kosin til þriggja ára, síðast í janúar 2023. Samkvæmt reglum stofnunarinnar skipar forseti Félagsvísindasviðs stofnuninni sjö manna stjórn til þriggja ára. Deildarfundur í Stjórn málafræðideild tilnefnir þrjá menn í stjórnina og rektor Háskóla Íslands einn. Forseti Félagsvísindasviðs skipar þrjá stjórnarmenn án tilnefningar, m.a. frá samstarfsaðilum stofnunarinnar sem samningar hafa verið gerðir við. Fulltrúar Stjórn málafræðideildar í stjórn eru: Gunnar Helgi Kristinsson prófessor, formaður stjórnar, Eva Marín Hlynsdóttir prófessor og Sigurbjörg Sigurgeirsdóttir prófessor. Aðrir í stjórn eru: Pétur Berg Matthíasson sérfræðingur í háskóla-, iðnaðar og nýsköpunarráðuneytinu en áður í forsætisráðuneytinu hvers fulltrúi hann er í stjórn, Ragna Árnadóttir skrifstofustjóri Alþingis, Trausti Fannar Valsson dósent við Lagadeild HÍ sem tilnefndur er af rektor HÍ og Þorsteinn Gunnarsson borgarritari sem er fulltrúi Reykjavíkurborgar. Stjórnin fundar gjarnan einu sinni til tvisvar á ári en árið 2024 var haldinn einn formlegur stjórnarfundur, í febrúar

Skrifstofa Stofnunar stjórnsýslufræða og stjórn mála er sem fyrr í húsnæði Félagsvísindastofnunar Háskóla Íslands í Gimli við Sæmundargötu. Gústaf Adolf Skúlason gegndi áfram starfi forstöðumanns og fyrri helming árs starfaði Arnar Númi Sigurðarson þar sem verkefnisstjóri í fullu starfi. Því miður reyndust ákveðnar fjárhags- og verkefnisforsendur sem lagt var upp með við ráðningu verkefnisstjóra í fullt starf haustið 2023 ekki standast og því voru ekki tæk á að endurnýja tímabundinn ráðningarsamning að júlí mánuði loknum. Arnari Núma eru þökkuð vel unnin störf hjá stofnuninni en hann hefur áfram verið henni innan handar með tilfallandi verkefni og horfur á að framhald verði á því. Loks hafði Haukur Arnþórsson sem fyrr umsjón með vef tímaritsins *Stjórn mála & stjórnsýsla*, sem og vef *Tímarits um viðskipti og efnahagsmál (TVE)*.

### 2.2 Samstarfsaðilar

Auk kennara í stjórn mála- og stjórnsýslufræðum og ýmissa fleiri fræðimanna og stofnana innan HÍ o.fl. háskóla á stofnunin samstarf við fjölmarga aðila utan háskólasamfélagsins. Má þar nefna forsætisráðuneytið, Reykjavíkurborg, Umboðsmann Alþingis og ýmsar opinberar stofnanir og ráðuneyti en einnig Félag stjórn málafræðinga, Félag forstöðumanna ríkisstofnana o.fl. Þá starfar

stofnunin með sjálfstætt starfandi sérfræðingum, starfsfólki opinberrar stjórnsýslu o.fl. m.a. vegna skipulagningar á málþingum, fræðslufundum og lengri og skemmri námskeiðum um stjórnsýslu og stjórnun í opinberum rekstri fyrir starfsfólk stjórnsýslunnar og stjórnendur sveitarfélaga og opinberra stofnana.

**Reykjavíkurborg** hefur verið formlegur samstarfsaðili stofnunarinnar frá upphafi og er samstarfið stofnuninni mjög mikilvægt. Í gildandi þjónustusamningi stofnunarinnar við borgina er fjallað um þjónustuverkefni, stjórnsýsluskóla, hagnýt rannsóknarverkefni og um málþing og opna fundi. Á árinu vann stofnunin úttekt á þátttöku borgarinnar í tilteknum fjölþjóðlegum rannsóknarverkefnum en sú vinna hófst í lok árs 2023. Tekin voru viðtöl við hátt á annan tug starfsfólks borgarinnar og samstarfsaðila, unnið með gögn frá borginni o.fl. Þá vann Trausti Fannar Valsson, stjórnarmaður hjá stofnuninni, yfirlit um hæfisreglur á sveitarstjórnarstigi og fjallaði um það á fundi forsætisnefndar borgarinnar. Enn fremur fundaði starfsfólk borgarinnar í maí mánuði með sendinefnd frá portúgalskri stjórnsýslustofnun (INA) sem Stofnun stjórnsýslufræða og stjórn mála á í samstarfi við en verkefnið er fjármagnað af Uppbyggingarsjóði EES. Á fundinum með starfsfólki Reykjavíkurborgar var m.a. fjallað um lýðræðislega þátttöku borgaranna, „Græna planið“ um framtíðarsýn borgarinnar o.fl. Fulltrúi borgarinnar var jafnframt í fimm manna hópi á vegum Stofnunar stjórnsýslufræða og stjórn mála sem heimsótti INA Lissabon í september en nánar er fjallað um þetta verkefni í kafla 2.3.5. Loks sóttu 58 starfsmenn borgarinnar hagnýt námskeið stofnunarinnar á árinu, á sérstökum afsláttarkjörum á grundvelli umrædds þjónustusamnings.

**Forsætisráðuneytið** hefur jafnframt verið formlegur samstarfsaðili stofnunarinnar allt frá árinu 2005. Allar götur frá sama ári hefur stofnunin m.a. staðið fyrir árlegu sex vikna námskeiði í stjórnsýslurétti, í samstarfi við forsætisráðuneytið, Umboðsmann Alþingis og kennara við Lagadeild HÍ. Stofnunin hefur jafnframt lengi verið með ýmis önnur hagnýt námskeið fyrir starfsfólk Stjórnarráðsins o.fl. opinbera aðila. Í þjónustusamningi er jafnframt m.a. fjallað um mögulegt samstarf um hagnýt rannsóknarverkefni fyrir háskólanema, samstarf um málþing og opna fundi og um rannsóknarverkefni. Á árinu 2021 sá stofnunin síðast um framkvæmd könnunar stefnumótunar Stjórnarráðsins á stöðu stefnumótunar, sem gerð hefur verið nokkrum sinnum og er stefnt á næstu framkvæmd snemma árs 2025. Þá vinna þeir Gunnar Helgi Kristinsson prófessor í stjórn málafræði og stjórnarformaður stofnunarinnar og Pétur Berg Matthíasson, sem jafnframt situr í stjórn stofnunarinnar og starfaði áður hjá forsætisráðuneytinu, saman að rannsókn á árangri stjórnsýsluumbóta sem stofnunin hefur jafnframt komið að. Stofnunin kom enn fremur að framkvæmd könnunar um þróun umbóta í opinberri stefnumótun, sem tengist doktorsverkefni Péturs Berg, undir leiðsögn Gunnars Helga. Könnunin var send út til stjórnenda hjá hinu opinbera í samstarfi við forsætisráðuneytið. Þá kom lögfræðingur úr forsætisráðuneytinu m.a. að kennslu á sex vikna námskeiði stofnunarinnar í stjórnsýslurétti. Enn fremur sóttu 65 starfsmenn Stjórnarráðsins hagnýt námskeið stofnunarinnar á árinu, á sérstökum afsláttarkjörum sem Stjórnarráðið nýtur hjá stofnuninni. Loks fundaði starfsfólk ráðuneytisins í maí mánuði með sendinefnd frá portúgalskri stjórnsýslustofnun (INA) sem Stofnun stjórnsýslufræða og stjórn mála á í samstarfi við en verkefnið er fjármagnað af Uppbyggingarsjóði EES. Á fundinum með starfsfólki ráðuneytisins var m.a. fjallað um vinnu þvert á ráðuneytin og í samstarfi við ýmsa fleiri aðila um málefni sjálfbærrar þróunar og velsældar. Fulltrúi ráðuneytisins var jafnframt í fimm manna hópi á vegum Stofnunar stjórnsýslufræða og stjórn mála sem heimsótti INA í Lissabon í september en nánar er fjallað um þetta verkefni í kafla 2.3.5.

Fjölmarginir aðrir opinberir aðilar hafa sem fyrr segir átt í samstarfi við stofnunina og hafa m.a. keypt styrktaráskriftir að tímaritinu *Stjórnsmál & stjórnsýsla* sem gerir stofnuninni m.a. kleift að gefa það út á prentformi. Fjármála- og efnahagsráðuneytið studdi jafnframt sérstaklega við útgáfu 20. árgangs tímaritsins á árinu. Nánar er fjallað um útgáfu tímaritsins í kafla 3.1. og í viðauka 2.

Samstarf stofnunarinnar við *Tímarit um viðskipti og efnahagsmál (TVE)* hélt áfram á árinu 2023, en stofnunin hefur haft umsjón með útgáfu tímaritsins í samstarfi við ritstjórn þess frá árinu 2017. Seðlabanki Íslands, Hagfræðideild HÍ, Viðskiptadeild Háskólans á Bifröst, Viðskipafræðideild HÍ og Viðskiptadeild Háskólans í Reykjavík standa að útgáfu tímaritsins. Um er að ræða fræðitímarit með ritrýndum greinum sem kemur út tvisvar á ári í vefútgáfu og gefur 10 stig í matskerfi opinberra háskóla. Hlutverk stofnunarinnar við útgáfu TVE er að vinna með ritstjórn og hafa umsjón með samskiptum við höfunda og ritrýna, taka við nýjum greinum og halda utan um ritrýniferlið, auk þess að sjá um undirbúning greina í umbrot og vefútgáfu, kynningarmál, útgáfuviðburði og fjármál. Á móti greiðir tímaritið stofnuninni árlega umsýsluþóknun. Tímaritið kom út tvisvar í vefútgáfu árið 2024, í júní og desember, með alls ellefu ritrýndum fræðigreinum. Formaður ritstjórnar er Þórhallur Örn Guðlaugsson, prófessor við Viðskiptafræðideild HÍ. Vefsíða tímaritsins er [www.efnahagsmal.is](http://www.efnahagsmal.is). Nokkrar áskoranir fylgdu yfirfærslu hýsingar á vef þess frá Upplýsingatæknisviði HÍ til Open Journal Systems haustið 2023 og smituðu að hluta til inn í árið 2024. Landsbókasafn Íslands - Háskólabókasafn er hins vegar að taka yfir og þjónustu við slík tímarit en nánar er fjallað um þá reynslu og núverandi stöðu tímaritanna í kafla 3.1. um tímaritið *Stjórnsmál & stjórnsýsla*.

Á árinu hélt stofnunin einn morgunverðarfund í samstarfi við Félag forstöðumanna ríkisstofnana (FFR), um grænar áherslur í opinberum rekstri. Var hann vel sóttur af stjórnendum ríkisstofnana auk stjórnenda sveitarfélaga o.fl. Forstjóri Umhverfisstofnunar og teymisstjóri þaðan fluttu hugvekju og yfirlitserindi en fulltrúar Fiskistofu og Ríkiskaupa fjölluðu um leiðina að grænu skrefunum og um græn innkaup.

Meðal fjölmargra annarra samstarfsaðila stofnunarinnar má nefna Félag stjórnsmálafræðinga, kennara Stjórnsmálafræðideildar HÍ og annarra deilda og háskóla, aðrar rannsóknarstofnanir við HÍ, Sameyki o.fl. Sjá nánari umfjöllun um opna fundi um málefni líðandi stundar sem stofnunin stóð fyrir á árinu í kafla 4.2 og í viðauka 1.

## **2.3 Rannsóknir og þróunar- og samstarfsverkefni**

Stofnunin hefur tekið að sér afmarkaða þætti í rannsóknarverkefnum kennara við Stjórnsmálafræðideild o.fl. háskóladeildir og á í ýmiss konar samstarfi sem fyrr segir. Segja má að veigamesta rannsóknarverkefni stofnunarinnar undanfarin ár, lögmætisrannsókninni, sé lokið.

**2.3.1 Rannsóknarverkefni um lögmæti.** Árið 2018 hlaut rannsóknarverkefnið *Hefur lögmæti áhrif?* (e. Does legitimacy make a difference?) þriggja ára (2018-2020) verkefnastyrk upp á 26 milljónir úr Rannsóknasjóði Íslands (Rannís). Rannsóknin leitast við að meta hvort lögmæti hafi áhrif á hegðun fólks og þar er sjónum sérstaklega beint að skattaundanskotum, spillingu og popúlisma. Rannsóknarstjóri verkefnisins er Gunnar Helgi Kristinsson, prófessor við Stjórnsmálafræðideild HÍ, en hlutverk stofnunarinnar í verkefninu hefur falist í að aðstoða við gagnaurvinnslu, sjá um fjármálaumsýslu og hafa umsjón með viðburðum og kynningum á rannsóknarniðurstöðum í samstarfi við rannsóknarstjóra. Framvinda rannsóknarverkefnisins var lengst af að mestu leyti

samkvæmt áætlun en Covid-19 hafði m.a. áhrif á tækifæri til kynningar á greinum og einnig varð dráttur á einhverjum greinaskrifum. Í ársbyrjun 2023 skilaði stofnunin lokaskýrslu til Rannís en vinna hefur þó haldið áfram við lokafrágang og birtingu fræðigreina.

**2.3.3 Rannsóknasetur um fjölmiðlun og boðskipti.** Rannsóknasetur um fjölmiðlun og boðskipti er rannsókn-, fræðslu- og þjónustustofnun sem starfrækt er af Háskóla Íslands og Háskólanum á Akureyri. Hlutverk þess er að auka og efla rannsóknir á sviði fjölmiðla og fréttamennsku og að vera samstarfsvettvangur á milli fræðasamfélags og fjölmiðlafólks. Setrið var gert að sjálfstæðri einingu innan Stofnunar stjórnsýslufræða og stjórn mála síðla árs 2016. Enginn fundur var haldinn á vegum setursins árið 2024 en það var síðast gert í október 2023.

**2.3.4. Scandinavian Political Studies.** Árið 2023 tóku þrír prófessorar við Stjórn málafræðideild Háskóla Íslands við sem ritstjórar fræðitímaritsins Scandinavian Political Studies, sem gefið er út af samtökum norrænna stjórnmálafræðinga (Nordic Political Science Association - NoPsa). Eva H. Önnudóttir prófessor við sömu deild gegnir nú formennsku í NoPSA og er það í fyrsta sinn sem Íslendingur leiðir samtökin. Á árunum 2023-2026 verður ritstjórn tímaritsins á hendi þeirra Maximilian Conrad, Silju Báru Ómarsdóttur og Stefaníu Óskarsdóttur. Útgáfufyrirtækið Wiley hefur umsjón með útgáfunni sjálfri en Stofnun stjórnsýslufræða og stjórn mála hefur jafnframt verið ritstjórninni innan handar á grundvelli sérstakrar fjárveitingar frá rektor Háskóla Íslands.

**2.3.5. Samstarf við INA í Portúgal og Uppbyggingarsjóð EES.** Stofnunin á nú í samstarfi við INA (Instituto Nacional de Administração) - Stofnun opinberrar stjórnsýslu í Portúgal sem fer m.a. með málefni fræðslu, þróunar o.fl. innan portúgalskrar stjórnsýslu. Samstarfið er fjármagnað af Uppbyggingarsjóði EES, sem aftur er fjármagnaður af EFTA EES ríkjum Íslandi, Liechtenstein og Noregi. Sjóðnum er ætlað að draga úr félagslegum og efnahagslegum ójöfnuði innan Evrópska efnahagssvæðisins og efla tvíhliða samstarf milli EFTA ríkjanna innan EES og fimmtán viðtökuríkja sjóðsins í Evrópu. Verkefnið snýst um að skiptast á gagnlegum fróðleik um opinbera stjórnsýslu í ríkjum tveimur en enski titill verkefnisins er Empowering Public Administration through Knowledge and Innovation - Capacity Building Exchange.

Í maí heimsóttu fimm fulltrúar INA Ísland og átta hér fundi með sérfræðingum forsætisráðuneytis, háskóla-, iðnaðar- og nýsköpunarráðuneytis, fjármála- og efnahagsráðuneytis og Reykjavíkurborgar. Þá fundaði sendinefndin með Stofnun stjórnsýslufræða og stjórn mála um starfsemi hennar auk þess að skoða húsakynni Alþingis og fræðast um sögu og skipulag starfsemi þess. Á fundunum var m.a. fjallað um stefnumörkun um sjálfbæra þróun og velsæld, stefnumótun og árangur umbóta í opinberri stjórnsýslu, aðgengi að upplýsingum um fjármál og fjárreiður hins opinbera, stafræna stjórnsýslu, þjálfun, fræðslu, árangursstýringu, árangursmælingar, nýsköpun í opinberri stjórnsýslu, íbúalýðræði, þátttöku borgaranna og margt fleira.

Í september sótti síðan fimm manna íslensk sendinefnd Lissabon heim en öll höfðu þau tekið þátt í fyrrnefndum fundum hérlendis í maí. Sendinefndina skipuðu þau Eggert B. Guðmundsson frá forsætisráðuneyti, Elva Björk Sverrisdóttir frá fjármála- og efnahagsráðuneyti, Gústaf Adolf Skúlason frá Stofnun stjórnsýslufræða og stjórn mála, Óli Örn Eiríksson frá Reykjavíkurborg og Pétur Berg Matthíasson frá háskóla-, iðnaðar og nýsköpunarráðuneyti. INA hafði skipulagt þriggja daga dagskrá með kynningum á ýmsum verkefnum og áskorunum í portúgalskri stjórnsýslu.

Meðal þess sem fjallað var um var stjórnendabjálfun hjá hinu opinbera og hagnýt námskeið fyrir opinbera starfsmenn, rýni og upplýsingagjöf sérstakrar sjálfstæðrar stofnunar um opinber fjármál, aðgangur að upplýsingum og siðareglur um starfsemi hins opinbera, stuðningur við nýsköpun, umbætur í opinberri stjórnsýslu, miðlæg opinber stefnumótun – m.a. á sviði loftslagsmála – íbúalýðræði, húsnæðisstefna og margt fleira. Meðal einstakra erinda má nefna að ráðuneytisstjóri forsætisráðuneytisins (eða öllu heldur sá sem á ensku kallast Secretary General of the Presidency of the Council of Ministers) fjallaði um umbætur í opinberri stjórnsýslu, stefnumiðaða stjórnun og fjölþjóðlegt samstarf. Hann greindi meðal annars frá því stóra verkefni að færa smám saman öll ráðuneytin inn í eina stóra byggingu sem áður hýsti stærsta viðskiptabanka landsins. Taldi hann mikið hagræði fylgja þeim breytingum, sem þó nutu ekki mikilla vinsælda hjá starfsfólki allra ráðuneytanna enda oft um að ræða verulega breytingu á starfsumhverfi. Þá greindi forstjóri PlanAPP, sérstakrar miðlægrar stofnunar fyrir opinbera stefnumótun og eftirfylgni, frá starfsemi og þróun stofnunarinnar sem sett var á laggirnar árið 2021, m.a. út frá stefnumótun á sviði loftslagsmála.

Íslenska sendinefndin lærði margt gagnlegt af heimsókninni og tók með heim nýja sýn á ýmis viðfangsefi í íslenskri stjórnsýslu. Að sama skapi töldu þau portúgölsku sig hafa lært mjög margt af heimsókn sinni hingað til lands í maí sl. og af samtölum við íslensku sendinefndina á fundunum í Lissabon. Gagnkvæm samskipti hafa átt sér stað í kjölfar heimsóknanna en verkefninu lýkur á fyrri hluta árs 2025 með málstofu og útgáfu raðbókar.

### 3. Útgáfa og vefir

#### 3.1 Vef tímaritið Stjórnsmál & stjórnsýsla

Stofnunin hefur gefið út vef tímaritið *Stjórnsmál & stjórnsýsla* frá árinu 2005 og fagnar tímaritið því 20 ára afmæli árið 2025, en 20. árgangur kom út 2024. Megintilgangur tímaritsins er að gera fræðilegt efni um íslenska stjórnsýslu og stjórnsmál aðgengilegt með það fyrir augum að auka við þekkingu og efla faglega umræðu á þessu sviði. Tölublöðin eru öllum aðgengileg á vefsíðunni [www.irpa.is](http://www.irpa.is) sem stendur fyrir enskt heiti tímaritsins: *Icelandic Review of Politics & Administration – IRPA*, sem og á slóðinni [www.stjornsmalogstjornsysla.is](http://www.stjornsmalogstjornsysla.is). Frá árinu 2012 hefur tímaritið komið út í íslensku og ensku vefviðmóti og er hægt að velja á milli tungumála. Prentuð útgáfa kemur út einu sinni á ári, en í henni eru ritrýndu greinar vefútgáfunnar frá árinu áður og kom hún út í mars þetta starfsárið. Hátt í 100 einstaklingar og stofnanir eru áskrifendur að tímaritinu, greiða árlegt áskriftargjald og fá senda prentuðu útgáfuna. Þar af eru tíu opinberar stofnanir, ráðuneyti og félagasamtök sem styðja útgáfuna sérstaklega með styrktaráskrift. Einnig styrkti Seðlabanki Íslands útgáfuna um hríð en árið 2024 fékk tímaritið sérstakan stuðning við útgáfu 20. árgangs frá fjármála- og efnahagsráðuneytinu. Tímaritið hefur á síðustu árum eflst og er það afar mikilvægur birtingarvettvangur fyrir fræðimenn á sviði félagsvísinda. Frá upphafi til ársloka 2024 hafa birst 320 ritrýndar fræðigreinar í tímaritinu eftir 285 höfunda, 69 almennar greinar og 128 bókadómar. Undanfarin ár hefur tímaritið þó einungis gefið út ritrýndar fræðigreinar. Hátt í 300 manns hafa ritrýnt efni fyrir tímaritið. Lesendur heimasíðu tímaritsins eru á níunda þúsund á ári hverju og heimsóknir á milli 20 og 30 þúsund.



Sem fyrr komu út tvö tölublöð í vefútgáfu á árinu, í júní og desember, að þessu sinni með sjö og síðar þremur ritrýndum fræðigreinum (sjá yfirlit yfir greinarnar í viðauka 2). Hefðbundnir útgáfufundir voru haldnir í tengslum við báðar útgáfurnar.

Í ritstjórn tímaritsins sitja fimm manns: Gunnar Helgi Kristinsson prófessor og aðalritstjóri, Agnar Freyr Helgason dósent, Eva H. Önnudóttir prófessor, Eva Marín Hlynsdóttir prófessor, en þau starfa öll við Stjórn málafræðideild HÍ, og loks Gústaf Adolf Skúlason forstöðumaður Stofnunar stjórnsýslufræða og stjórn mála. Umsjón með útgáfunni hafði sem fyrr forstöðumaður stofnunarinnar, en Haukur Arnþórsson hefur umsjón með vef tímaritsins.

Hjá tímaritinu er einnig ráðgefandi ritstjórn sem og International Advisory Board. Báðar ritstjórnirnar eru skipaðar virtum erlendum og innlendum fræðimönnum á fræðasviði tímaritsins. Í ráðgefandi ritstjórn eru eftirtaldir: Jóhanna K. Birnir, University of Maryland, Magnús Þorkell Bernharðsson, Williams College, Guðmundur Heiðar Frímansson, Háskólinn á Akureyri, Ólafur Þ. Harðarson, Háskóli Íslands, Indriði H. Indriðason, University of California, Riverside, Anna G. Jónasdóttir, University of Örebro, Tiina Randma-Liiv, Tallinn University of Technology, og Gyða Margrét Pétursdóttir, Háskóli Íslands.

Í International Advisory Board eru eftirfarandi: Shaun Bowler, University of California, Riverside, Donatella Della Porta, European University Institute, Sieglinde Gstöhl, College of Europe, Beatrice Halsaa, University of Oslo, Johanna Kantola, University of Helsinki, Don Kettl, University of Maryland, Mona Lena Krook, Rutgers University, Brendan O'Leary, University of Pennsylvania, Simona Piattoni, University of Innsbruck, Gerry Stoker, University of Southampton og Jos C. N. Raadschelders, University of Oklahoma.

Greinar sem birtast í tímaritinu eru metnar til 15 stiga í matskerfi opinberra háskóla. Matskerfið gerir ráð fyrir því að íslensk tímarit séu flokkuð í samræmi við það hversu strangar vísindalegar kröfur tímaritin gera við mat á greinum sem þeim berast til birtingar, en þau þurfa að uppfylla ákveðin skilyrði um ritstjórnarhætti. Ritrýndar greinar sem birtast í tímaritinu *Stjórn mála & stjórnsýsla* eru því metnar í hæsta flokk íslenskra fræðitímarita en matskerfið er grundvöllur mats á störfum akademískra starfsmanna við opinbera háskóla.

Ritstjórn markaði sér þá stefnu árið 2012 að sækja um skráningu á tímaritinu í erlenda gagnagrunna vísindatímarita og hefur náðst töluverður árangur í þeirri vinnu. Enn á tímaritið þó eftir að fá skráningu í mikilvæga grunna eins og Scopus. Ritstjórn og útgefandi hafa unnið að endurbótum sem eru nauðsynlegar til að fá skráningu á tímaritinu í Scopus gagnagrunninum.

Tímaritið er með aðgang að eftirfarandi samtökum og kerfum, en þessi aðgangur er grunnur að skráningu í erlenda gagnagrunna vísindatímarita:

#### 1. **CrossRef-Publishers International Linking Association (PILA)**

Sem útgefandi tímaritsins er stofnunin meðlimur í **Cross Ref Publishers International Linking Association (PILA)**. PILA úthlutar meðlimum DOI númeri sem er grundvöllur skráningar tímarita í gagnagrunna. Tímaritinu hefur verið úthlutað DOI númeri og hafa allar greinar tímaritsins frá upphafi (árið 2005) fengið slíkt númer.

## 2. Open Access Scholarly Publishers Association (OASPA)

Stofnunin sem útgefandi tímaritsins fékk inngöngu í **Open Access Scholarly Publishers Association (OASPA)** árið 2013. OASPA hvetur útgefendur til að nota Creative Commons licenses, sérstaklega Creative Commons Attribution License (CC-BY), sem grundvöll fyrir opinn aðgang að fræðilegu efni skv. viðurkenndri skilgreiningu á opnum aðgangi vísindatímarita. Merki Creative Commons Licences kemur fram á forsiðu tímaritsins *Stjórnsmál & stjórnsýsla* til marks um að það fylgi viðurkenndum stöðlum um opinn aðgang.

## 3. Open Journal Systems (OJS)

Stofnunin tók í gagnid ritstjórnar- og dreifingarkerfi Open Journal Systems (OJS) árið 2013. Allar greinar sem birst hafa í tímaritinu hafa verið settar í OJS kerfið. Kerfið er ritstjórnarkerfi fyrir höfunda, ritrýna og ritstjóra og styður tvíblinda ritrýni, sér um leiðbeiningar og áminningar til höfunda og ritrýna, er birtingarkerfi fyrir tímaritsgreinar á vefnum og útbýr eigin greinar í rafrænt form (export/import skrár) fyrir skráningu hjá alþjóðlegum skráningaraðilum fræðigreina.

Tímaritið er nú þegar skráð í eftirfarandi erlenda gagnagrunna vísindatímarita:

1. **Directory of Open Access Journal (DOAJ);**
2. **ProQuest** - undir ProQuest Political Science Journals;
3. **Google Scholar Metrics;**
4. **EBSCO** - EBSCO Information Services gagnagrunnur.
5. **ESCI** - Thomson Reuters Emerging Source Citation index

Á árinu 2023 ákvað Upplýsingatæknisvið Háskóla Íslands (UTS) að hætta hýsingu og ákveðinni kerfisþjónustu við útgáfu fræðitímarita. Mælti UTS með að leitað yrði eftir hýsingu hjá áður nefndum Open Journal Systems (OJS – sem halda úti framangreindum ókeypis hugbúnaði en taka jafnframt að sér hýsingu gegn gjaldi) og hafði milligöngu um yfirfærslu hýsingar þangað. Um var að ræða nokkur íslensk fræðitímarit, m.a. *Stjórnsmál & stjórnsýsla* og *TVE-Tímarit um viðskipti og efnabagsmál*. Því miður heppnaðist yfirfærslan ekki vel og komu ýmsar tæknilegar áskoranir upp sem enn létu á sér kræla á árinu 2024 og höfðu m.a. í för með sér truflanir á virkni og talsverðan kostnað við leiðréttingu á greinum þar sem yfirfærslan hafði ekki heppnast sem skyldi. Yfirfærslan krafðist þannig uppfærslu í nýjstu útgáfu OJS kerfisins (3.0 í stað 2.0 sem tímaritin studdust áður við) sem er í sjálfu sér jákvætt en hafði ekki verið undirbúið sem skyldi. Þá hafa OJS ekki reynst veita þá kerfisþjónustu sem UTS veitti áður, m.a. hvað snertir nauðsynlegar aðlaganir á kerfinu vegna íslenskra hugtaka. Enn fremur býður staðsetning OJS í Arizona í Bandaríkjunum upp á talsvert langan viðbragðstíma ef upp koma vandamál með vefsíður íslenskra tímarita.

Þessar áskoranir hafa snúið að all nokkrum fræðitímaritum sem gefin eru út af íslenskum háskólum og á árinu settu forsetar þriggja fræðisviða innan Háskóla Íslands af stað vinnu, þar sem skoðaðir voru möguleikar á að Landsbókasafn Íslands - Háskólabókasafn (Lbs) tæki yfir mögulega yfir þjónustu við íslensk fræðitímarit. Forstöðumaður Stofnunar stjórnsýslufræða og stjórnsmála var þar fulltrúi Félagsvísindasviðs. Aðgangur að upplýsingafræði- og kerfisfræðiþjónustu er nauðsynlegur til að halda úti slíkri útgáfu. Um er að ræða ókeypis hugbúnað (OJS), þótt fyrirtækið OJS innheimti nú gjald fyrir hýsingu, en auk aðstoðar sérfræðinga í upplýsingafræðum er nauðsynlegt að kerfisstjórar geti smíðað sértækar íslenskar aðlaganir við umræddan hugbúnað. Ánægjulegt er að segja að samningar hafa tekist milli Lbs og fræðasviðanna þriggja innan HÍ (félags-, hug- og menntavísinda) og þegar er ritað stendur ný yfirfærsla tímaritanna fyrir dyrum, að þessu sinni frá OJS til Lbs. Endanleg niðurstaða verður mögulega örlítið aukinn kostnaður en trúlega betri eða a.m.k. öruggari fagleg þjónusta en þessi tímarit hafa notið undanfarin ár.

### 3.2 Vefir stofnunarinnar

Á vef stofnunarinnar, [www.stjornsyslustofnun.hi.is](http://www.stjornsyslustofnun.hi.is), er að finna helstu upplýsingar um starfsemi hennar, útgáfu o.fl. Vefurinn var heimsóttur um sjö þúsund sinnum á árinu. Stofnunin nýtir sér einnig samfélagsmiðla til kynningar á starfseminni og heldur úti Facebook-síðu og er á X (áður Twitter). Stofnunin rekur einnig vefsíðu tímaritsins *Stjórnsmál & stjórnsýsla* ([www.irpa.is](http://www.irpa.is)) eins og fram hefur komið, auk þess að hafa umsjón með vefsíðu Valds- og lýðræðisrannsóknarinnar ([www.vol.hi.is](http://www.vol.hi.is)). Loks heldur stofnunin utan um útgáfu *Tímarits um viðskipti og efnahagsmál* (TVE) sem gefið er út á heimasíðu þess [www.efnahagsmal.is](http://www.efnahagsmal.is).

### 3.3 Vinnupappírar

Árið 2018 hóf stofnunin að birta „vinnupappíra“ (e. working papers) fræðimanna á vefsíðu sinni. Um er að ræða handrit að tímarits- og/eða ráðstefnugreinum sem enn eru á vinnslustigi og hafa því ekki farið í gegnum ritrýniferli, en viðfangsefni þeirra eru á sviðum stjórn mála- og stjórnsýslufræða. Allir vinnupappírar fá sér númer og útgáfan er skráð með ISSN númer. Vinnupappírarnir birtast á vefsíðunni undir „útgáfa“. Engar nýjar birtingar voru á árinu 2023.

## 4. Fræðsla og upplýsingamiðlun um stjórnsýslu, stjórnsmál og málefni líðandi stundar

### 4.1 Stjórnsýslufræðsla og önnur námskeið

Stofnunin hefur frá upphafi lagt mikla áherslu á að bjóða upp á styttri hagnýt námskeið sem einkum eru hugsuð fyrir starfsfólk í stjórnsýslu ríkisins og hjá sveitarfélögum. Á árinu stóð stofnunin fyrir 17 námskeiðum sem alls 676 þátttakendur sóttu. Vegna Covid faraldursins voru flest námskeið kennd eingöngu í fjarnámi á árunum 2019-2021 en stofnunin hefur að mestu haldið sig við það fyrirkomulag sem gefist hefur vel, m.a. námskeið sem einkum eru ætluð sveitarfélögum. Í einu tilviki (sex vikna námskeiði um stjórnsýslurétt) var boðið upp á staðnám og fjarnám með streymi í rauntíma sem síðar er aðgengilegt sem upptaka, að aðgengi að upptöku fylgir öllum námskeiðunum sem kenndu eru í fjarnámi.

Á árinu var boðið upp ný námskeið um opinbera stefnumótun, veikindaförföll (réttindi og skyldur vinnuveitenda og starfsfólks) og um viðbrögð vinnustaða við brotum starfsfólks í starfi eða utan þess. Þá var eftir nokkurt hlé boðið upp á námskeið um innra eftirlit í opinberum rekstri auk nokkurra námskeiða sem kennd hafa verið nokkuð reglulega á sviði stjórnsýsluréttar, um fjármál sveitarfélaga, upplýsingalög, persónuvernd, starfræna stjórnsýslu, ráðningar og starfslok hjá hinu opinbera o.fl. Á vorönn 2025 verður svo m.a. boðið upp á ný námskeið um EES rétt.

Á árinu var í 20. skipti haldið *Sex vikna námskeið um stjórnsýslurétt fyrir starfsmenn ríkis og sveitarfélaga*, í samstarfi við forsætisráðuneytið og umboðsmann Alþingis. Námskeiðið nýtur ávallt mikilla vinsælda og umsjónarmaður þess og einn kennara árið 2024 var líkt og undanfarin ár Hafsteinn Þór Hauksson, dósent við Lagadeild Háskóla Íslands. Aðrir fyrirlesarar voru þau Anna Rut Kristjánsdóttir lögfræðingur hjá umboðsmanni Alþingis, Ásthildur Valtýsdóttir lögfræðingur í forsætisráðuneytinu, Særún María Gunnarsdóttir aðalskrifstofustjóri hjá umboðsmanni Alþingis og Skúli Magnússon (þáverandi) umboðsmaður Alþingis.

Kjartan Bjarni Björgvinsson dómari við Landsrétt kenndi alls þrettán hálf dags námskeið á árinu á vegum stofnunarinnar. Þar á meðal fyrrnefnd ný námskeið um veikindaforföll og um brot í starfi, en jafnframt námskeið sem áður hafa verið kennd um m.a. tilkynningaskyldu til barnaverndaryfirvalda, tjáningarfrelsi opinberra starfsmanna o.fl., en sjá má lista yfir námskeiðin í viðauka 1.

Sigurbjörg Sigurgeirsdóttir, prófessor við Stjórn málafræðideild HÍ (og stjórnarmaður hjá stofnuninni), kenndi nýtt námskeið um opinbera stefnumótun. Anna Margrét Jóhannesdóttir, innri endurskoðandi Vegagerðarinnar, kenndi námskeið innra eftirlit hjá opinberum aðilum og Gunnlaugur A. Júlíusson, hagfræðingur og fyrrverandi sveitarstjóri, kenndi námskeið um fjárhagsáætlanir sveitarfélaga.

#### 4.2 Ráðstefnur, málþing og opnir fyrirlestrar

Sem fyrr kom stofnunin jafnframt að eða stóð fyrir opnum fundum og málþingum um málefni sem eru ofarlega á baugi varðandi stjórn mála og stjórnsýslu í samstarfi við ýmsa aðila. Markhópur þessa fræðslu- og umræðuvettvangs eru stjórnendur í opinberum rekstri, starfsfólk stjórnsýslu ríkis og sveitarfélaga og fag-, fræði- og áhugafólk um opinbera stjórnsýslu og stjórn mála. Á árinu hélt stofnunin ellefu opna fundi, málþing og ráðstefnur um ýmis viðfangsefni stjórn mála og stjórnsýslu, ýmist ein og sér eða í samstarfi við aðra aðila. Helstu samstarfsaðilar voru líkt og oft áður Félag stjórn málafræðinga, Alþjóðamálastofnun HÍ og Félag forstöðumanna ríkisstofnana, en einnig kom stofnunin að fundahöldum í samstarfi við aðila á borð við Félagsfræðingafélag Íslands, Norræna húsið, utanríkisráðuneytið og nemendafélög innan stjórn málafræðinnar hjá HÍ. Flestir fundir stofnunarinnar eru opnir og án skráningar en í einhverjum tilfellum var haldið formlega utan um skráningu (svo sem á morgunverðarfundi sem haldinn var á Grand Hótel Reykjavík). Alls sóttu um 600 manns fundi stofnunarinnar og samstarfsaðila á árinu. Yfirlit yfir fundina er að finna í Viðauka 1, en í flestum tilfellum má finna upptöku af fundunum á vef stofnunarinnar.

#### 5. Fjármál stofnunarinnar

Háskóli Íslands og Stjórn málafræðideild leggja stofnuninni til starfsaðstöðu og almenna umsýsluþjónustu, m.a. vegna fjármála, sem auk annars styður við fjárhagslega stöðu stofnunarinnar. Félagsvísindasvið hefur jafnframt stutt við útgáfu tímaritsins *Stjórn mála & stjórnsýsla*. Að öðru leyti er stofnunin rekin fyrir sjálfsaflafé og aflar fjármagns til rekstrar með styrksamningum, þjónustusamningum, umsjón með málþingum, námskeiðum og opnum fundum, rannsóknaverkefnum, aðstoð við rannsóknir og útgáfu, áskriftum að tímariti stofnunarinnar o.fl.

Skráðar heildartekjur reikninga í umsjá stofnunarinnar árið 2024 voru tæpar 38 milljónir króna, en stofnunin var með sex rekstrarreiningar: 1) almennur rekstur; 2) rannsóknarreikningur Valds- og lýðræðisrannsókna; 3) rannsóknarreikningur Rannsóknaseturs í fjölmiðlun og boðskiptum; 4) rannsóknarreikningur Lögmatissrannsókna; 5) *TVE-Tímarit um viðskipti og efnahagsmál*; og 6) tímaritið *Stjórn mála & stjórnsýsla*.

Megin rekstrarreikningar stofnunarinnar (almennur rekstur og tímaritið *Stjórn mála & stjórnsýsla*) voru í örlitlum plús á árinu og uppsöfnuð staða í árslok 2024 jákvæð um níu og hálf milljón króna.

Nánari greiningu á rekstri og fjármálum stofnunarinnar fyrir árið 2024 er að finna í greinargerð sem lögð var fyrir stjórn stofnunarinnar.

## **Viðauki 1. Viðburðir og námskeið á vegum Stofnunar stjórnsýslufræða og stjórn mála árið 2024**

### **Ráðstefnur, málþing og opnir fundir:**

#### **Grænar áherslur í opinberum rekstri**

Opinn fundur Stofnunar stjórnsýslufræða og stjórn mála, í samstarfi við Félag forstöðumanna ríkisstofnana, 17. apríl.

#### **Alþjóðasamvinna á krossgötum: Hvert stefnir Ísland?**

Árleg ráðstefna Alþjóðamálastofnunar HÍ, utanríkisráðuneytisins og Norræna hússins í samstarfi við Félag stjórn málafræðinga og Stofnun stjórnsýslufræða og stjórn mála, 24. apríl.

#### **Hlutverk forseta og kosningabarátta: Sameinandi afl, leiðtogi þjóðar eða áhrifavaldur?**

Hádegisfundur Félags stjórn málafræðinga og Stofnunar stjórnsýslufræða og stjórn mála, 13. maí.

#### **Mín eigin lög – bókarkynning**

Opinn fundur Stofnunar stjórnsýslufræða og stjórn mála, í samstarfi við Félag stjórn málafræðinga, 8. maí.

#### **Dagur stjórn málafræðinnar 2024 – Ungt fólk og lýðræði**

Opinn fundur Félags stjórn málafræðinga í samstarfi við Stofnun stjórnsýslufræðinga og stjórn mála, 18. júní.

#### **Útgáfa vorheftis Stjórn mála & stjórnsýslu**

Opinn fundur Stofnunar stjórnsýslufræða og stjórn mála, 20. júní.

#### **Birta: Hvernig væri lífið án félagsvísinda?**

Opinn fundur og málstofur ráðstefnu Félags stjórn málafræðinga og Félagsfræðingafélags Íslands, í samvinnu við Stofnun stjórnsýslufræða og stjórn mála, 6. september.

#### **Harris eða Trump: Vesturlönd á krossgötum?**

Opíð pallborð Félags stjórn málafræðinga, Stofnunar stjórnsýslufræða og stjórn mála og Alþjóðamálastofnunar HÍ, 29. október.

#### **Utanríkisstefna á umbrotatímum – Öryggi, varnir og alþjóðasamskipti Íslands í viðsjárverðum heimi**

Kosningafundur 14. nóvember með fulltrúum allra framboða sem buðu fram til Alþingis í öllum kjördæmum. Haldinn í samstarfi Alþjóðamálastofnunar HÍ, Stofnunar stjórnsýslufræða og stjórn mála, Félags stjórn málafræðinga og Varðbergs.

#### **Hvert stefna stjórn málin? Samtal milli fræðinga og frambjóðenda**

Opinn fundur þar sem stjórn málafræðingar og frambjóðendur stjórn málaflokka komu saman, haldinn í samstarfi Félags stjórn málafræðinga, Stofnunar stjórnsýslufræða og stjórn mála, Politica – Félags stjórn málafræðinema og Mundu – Félags framhaldsnema í stjórn málafræði. 27. nóvember.

## **Útgáfa haustheftis Stjórn mála & stjórnsýslu**

Opinn fundur Stofnunar stjórnsýslufræða og stjórn mála, 17. desember.

Nálgast má frekari upplýsingar um fundina og upptökur af flestum þeirra á vef stofnunarinnar, [www.stjornsyslustofnun.hi.is](http://www.stjornsyslustofnun.hi.is).

### **Námskeið:**

**Hvaða kröfur gera reglur stjórnsýsluréttarins til stafrænnar stjórnsýslu?**

10. janúar.

**Er einhvern tíma komið nóg? Mega stjórnvöld takmarka samskipti sín við borgarana?**

18. janúar.

**Meðferð persónuupplýsinga í stjórnsýslunni - algengustu álitæfni.**

30. janúar.

**Opinber stefnumótun.**

7. febrúar.

**Stjórnsýsluréttur fyrir starfsfólk stjórnsýslu ríkis og sveitarfélaga.**

13. febrúar – 21. mars.

**Ársreikningar sveitarfélaga og mat á afkomu þeirra.**

18. apríl – námskeiði frestað en aðgangur seldur að upptöku frá árinu áður.

**Hvernig á að standa að ráðningum hjá ríki og sveitarfélögum?**

23. apríl.

**Tjáningarfrelsi opinberra starfsmanna: Hvar liggja mörkin?**

6. maí.

**Hvaða reglur gilda um starfslok hjá ríki og sveitarfélögum?**

30. maí.

**Fjárhagsáætlanir sveitarfélaga.**

28. ágúst.

**Veikindaforföll - það sem helst þarf að vita um réttindi og skyldur vinnuveitenda og starfsfólks.**

9. september.

**Hvenær er skylt að tilkynna aðstæður barna til barnaverndaryfirvalda?**

13. september.

### **Gildissvið upplýsingalaga og helstu reglur laganna.**

17. september.

### **Starfsmannamál og persónuvernd: Hvaða reglur gilda um meðferð persónuupplýsinga starfsfólks?**

18. september.

### **Innra eftirlit hjá opinberum aðilum.**

6. nóvember.

### **Brot í starfi eða utan þess: Hvernig á að (og má) bregðast við á vinnustað?**

14. nóvember.

### **Hvernig á að fara með beiðni um aðgang að gögnum? Praktísk álitamál.**

21. nóvember.

## **Viðauki 2. Titlar og höfundar ritrýndra greina í tímaritinu *Stjórnsmál & stjórnsýsla* árið 2024**

### **Fræðigreinar sem birtust í vefriti stofnunarinnar í júní 2024:**

*Stefnugeta í íslenska stjórnkerfinu*

Pétur Berg Matthíasson

*Íslenskir blaðamenn í breyttum heimi: Aukin ábersla á klassísk gildi en undir vaxandi þrýstingi*

Birgir Guðmundsson, Jón Gunnar Ólafsson og Valgerður Jóhannsdóttir

*Staðbundin nálgun og nýsköpun í hverfum Reykjavíkurborgar*

Óskar Dýrmundur Ólafsson og Hervör Alma Árnadóttir

*Vinummenning sem grefur undan jafnréttismarkmiðum lögreglu: fjölgun kvenna í starfsumhverfi sem litað er af kynbundinni áreitni*

Finnborg Salome Steinþórsdóttir og Gyða Margrét Pétursdóttir

*Skilvirkara stúdentspróf eftir styttingu? Reynsla háskólanema og háskólakennara af stefnubreytingum á framhaldsskólastiginu*

Guðrún Ragnarsdóttir, Valgerður S. Bjarnadóttir og María Jónasdóttir

*Í upphafi skyldi endinn skoða: Stefna stjórnvalda og þróun á sviði nýsköpunar á Íslandi 2003–2022*

Hannes Ottósson og Rögnvaldur Jóhann Sæmundsson

*Ábrif blandaðrar gagnaöflunar á brottfall í Íslensku kosningarannsókninni 2021*

Hafsteinn Einarsson

**Fræðigreinar sem birtust í vefriti stofnunarinnar í desember 2024:**

*Representing Iceland on the UN Security Council: Does Nordic membership matter?*  
Svanhildur Þorvaldsdóttir

*The Icelandic presidential election of 2024: strategic voting in a second order election?*  
Viktor Orri Valgarðsson, Indriði H. Indriðason, Gunnar Helgi Kristinsson, Agnar Freyr  
Helgason og Hafsteinn Einarsson

*Ég er ekki opinber persóna, ég er opinber starfsmaður: Upplifun opinberra starfsmanna af óvæginni umræðu og áreitni og tillögur þeirra að úrbótum*  
Þóra Bjarnadóttir og Jón Gunnar Ólafsson